

Starfshópur í MH

Kröfur til ritsmíða



Menntaskólinn við Hamrahlíð
2005

Kennarar við Menntaskólann við Hamrahlíð tóku þennan bækling saman. Í honum eru leiðbeiningar fyrir nemendur um uppsetningu og frágang á heimildaritgerðum. Hér eru settar fram **lágmarkskröfur** til ritsmíða í M.H.. Þær kröfur eru í samræmi við almennar kröfur til ritsmíða sem lýst er í *Handbók um ritun og frágang*,¹ og á *Kennsluvef um upplýsingalæsi* sem finna má á heimasíðu skólans (undir „bókasafn“, velja þar „upplýsingar“) eða á slóðinni <http://www.bokis.is/upplýsingalæsi/>. Gott ráð gæti verið að prenta út vefsíðurnar áður en hafist er handa við að semja ritgerðina. *Handbók um ritun og frágang* er notuð í íslenskuáföngum skólans og gert er ráð fyrir að nemendur geti nálgast hana.

Hér er efninu skipt í fernt:

- A: Bygging ritsmíða
- B: Efnisgreinar
- C: Umgengni við heimildir
- D: Frágangur

A. Bygging ritsmíða

1. Í upphafi ritsmíðar skal setja fram „efnisyfirlýsingu“ (oft nefnd efnisyfirlýsing).² Flestar ritsmíðar í skóla eru röksemdafærslur eða greinargerðir og þá er hreinlegast að setja strax fram þá skoðun sem ætlunin er að ræða í framhaldinu. Vel valin fyrirsögn á að gefa vísbendingu um efnið. Eftir að hafa séð fyrirsögn og lesið inngang með greinargóðri efnisyfirlýsingu á lesandi að vita um hvað ritsmíðin er og helst hvaða staðhæfingu á að styðja með umfjölluninni.
2. Aðalhluti ritsmíðar er að sjálfsögðu umfjöllun um efnið. Þess skal gæta að röð efnispátta sé rökrétt: eitt leiði af öðru, rök og gagnrök vegist á, stefnt sé að veigamesta atriðinu.³ Farið ekki út fyrir efnið en minni háttar „útúrdúrar“ eða skýringar geta átt heima í neðanmálsgreinum.⁴
3. Niðurlag getur vísað til efnisyfirlýsingar í inngangi og áréttað það sem þar kemur fram, það getur dregið saman höfuðatriði og þannig verið heildarniðurstaða. Í niðurlagi er líka hægt að spyrja spurninga sem vísa fram á við til frekari umræðu eða umhugsunar.⁵

B. Efnisgreinar

1. Efnisgrein er minnsta eining í texta sem hlítir lögmálum um upphaf, aðalhluta og niðurlag. Efnisgreinar eru afmarkaðar með greinaskilum.⁶
2. Lykilsetning í efnisgrein gegnir sama hlutverki og „efnisyfirlýsing“ í upphafi ritgerðar.⁷ Aðalhluti efnisgreinarinnar snýst um lykilsetninguna, t.d. rök með henni. Ekkert má vera með sem ekki kemur lykilsetningunni við. Niðurlag efnisgreinar bindur enda á umfjöllun og vísar e.t.v. til næstu efnisgreinar.⁸

¹ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000

² Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:39

³ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:16-17

⁴ Í neðanmálsgreinar má setja skýringar eða efnislegar athugasemdir sem eiga ekki augljóst erindi inn í meginmál ritgerðarinnar en koma þó textanum við. Þær ættu að vera fáar og stuttar.

⁵ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:40

⁶ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:47

⁷ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:26

⁸ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:47

3. Lengd efnisgreinar ræðst af efni hennar. Mestu skiptir að gera efninu skil, rökstyðja, taka dæmi og útskýra. Sé efnisgrein of löng er hætt við að lesandi missi sjónar á kjarna hennar. Örstutt efnisgrein segir oft of lítið.⁹
4. Röð efnisgreina ræðst af efni ritsmiðarinnar þannig að skyld atriði komi saman. En samhengi þeirra má undirstrika með því að vísa til efnisgreinar á undan og eftir, m.a. með tengiorði.¹⁰

C. Umgengni við heimildir

1. Ef heimildir eru notaðar við að semja ritsmið þarf það að koma fram. Séu hugmyndir og orð annars höfundar nýtt án þess að geta þess er nemandi sekur um ritstuld. Sé vitnað í höfund þarf að geta þess hvort sem orð hans eru birt óbreytt (orðrétt tilvitnun) eða efnislega (óbein tilvitnun). Höfundar eiga ekkert síður eignarrétt á hugmyndum sínum en orðum.¹¹
2. Heimildaskrá á eftir ritgerð sýnir hvaðan aðfengið efni er komið. Skráin er sett í stafrófsröð eftir ákveðnum reglum.¹² Upplýsingarnar sem þar koma fram miða við að auðvelda lesanda að finna heimildirnar í bókasafni eða í skráum þar sem þeirra kann að vera getið. Í eiginlegri heimildaskrá skal aðeins geta þeirra heimilda sem beinlínis er vísað til. Hægt er að skipta heimildaskrá og kalla síðari hluta hennar „Rit sem stuðst var við“ og er þá átt við rit sem ritsmiður hefur lesið eða séð en ekki notað beinlínis.
3. Tilvitnun er texti sem tekinn er beint upp eftir öðrum eða efnisleg endursögn.¹³ Orðréttar tilvitnanir (innan „gæsalappa“) eru fátíðar nema helst í bókmenntaritgerðum en efnislegar tilvitnanir eru því algengari. Tilvitnun leysir ekki höfund undan því að fjalla um efnið sjálfur. Hún verður aðeins hluti af efninu til þess að styðja málflutning höfundar. Orðrétt tilvitnun innan gæsalappa má helst ekki vera lengri en tvær línur. Þurfi að taka upp lengri kafla ber að draga hann inn um a.m.k. fimm stafbil og minnka línubil ef unnt er.
4. Tilvísun er ábending um til hvaða texta er vitnað, t.d. eru neðanmáls í þessum bæklingi tilvísanir í *Handbók um ritun og frágang* og *Kennsluvefinn*. Tilvísun getur verið í sviga inni í textanum eða neðanmáls. Mikilvægt er að gæta samræmis í sömu ritsmiðinni, velja aðra aðferðina og halda sig við hana. Tilvísun kemur inn í textann á þeim stað sem ritgerðarsmið finnst vera komið næst hugmynd heimildar eða í lok efnisgreinar. Nauðsynlegt er að vísa til allra heimilda með viðeigandi hætti, hvort sem það eru prentaðar heimildir, munnlegar heimildir, netheimildir, myndband eða aðrar gerðir. Ítarlegar leiðbeiningar um tilvísanir eru í *Handbók um ritun og frágang* bls. 78-88 og í kafla 8 á *Kennsluvef í upplýsingalæsi*.

⁹ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:47

¹⁰ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:38-40, 47

¹¹ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:65-71; „Kennsluvefur um upplýsingalæsi“ 2004:k. 7.

¹² Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:68-69; „Kennsluvefur um upplýsingalæsi“ 2004:k. 8.2.

¹³ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:72-77; „Kennsluvefur um upplýsingalæsi“ 2004:k. 8.2.

D. Frágangur

1. Tölvusetning er sjálfsgöð á ritsmíðum sem ekki eru skrifaðar í kennslustofum.
2. Forsíðu/titilsíðu á að hafa á öllum ritsmíðum sem eru stærri en tvær síður. Þar á auk titils að koma fram nafn höfundar, staður, áfangi og dagsetning. Vel fer á að hafa nafn kennara á titilsíðu.¹⁴ Sé ekki höfð titilsíða skal gefa gott rými fyrir sömu upplýsingar efst á fyrri síðu líkt og um bréfhaus væri að ræða. Fyrirsögn skal vera greinileg og má vera með breyttu og stóru letri eftir smekk.
3. Efnisyfirlit á að vera fremst í kaflaskiptum ritgerðum, næst á eftir forsíðu.¹⁵ Þar koma fram öll kaflaheiti ásamt blaðsíðutali.
4. Óparfi er að skipta stuttum ritgerðum (2-5 bls.) í kafla, þar eiga efnisgreinar að duga til að halda efnispáttum aðgreindum. Lengri ritgerðum getur verið heppilegt að skipta í kafla.¹⁶ Samræmis þarf að gæta í staðsetningu fyrirsagna og letri eftir stöðu þeirra. Sama gildir um tölvusetningu kaflanna.¹⁷
5. Aðaltexta skal hafa með einu og hálfu eða tvöföldu línubili en beinar inndregnar tilvitnanir og myndatexta með einföldu. Spássía vinstra megin skal vera 3 cm og flestum kennurum finnst gott að hafa allbreiða spássíu hægra megin fyrir athugasemdir. Fyrstu línu eftir greinaskil á að draga inn um fimm stafbil nema aukalínubil hafi verið slegið til að sýna greinaskil.¹⁸
6. Leturbreytingar af ýmsu tagi geta gert texta læsilegri. Nefna má undirstrikun, *skáletur*, **feitletur**, gleiðletur og HÁSTAFI.¹⁹ Góð regla er að láta sér nægja „lágmarksaðgreiningu“ og nota ekki tvennt í senn í sama orðinu (t.d. **feita undirstrikun**). Ekki skal bruðla með leturbreytingar í ritsmíðum því að það dregur athygli frá efninu.
7. Eiginhandarundirskrift fylgir á eftir ritsmíð, fyrir neðan dagsetningu lokadags í samningu. Þá er ekki nauðsynlegt að hafa nafn höfundar vélritað neðan við undirskriftina því að það er á titilsíðu.

Heimildaskrá

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágang*. Reykjavík, Iðunn.

„Kennsluvefur um upplýsingalæsi“. 2004. Vefslóð: <http://www.bokis.is> (sótt 1.09. 2005).

¹⁴ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:89-90, 100-101

¹⁵ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:90-91

¹⁶ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:40-42

¹⁷ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:40-42

¹⁸ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:92

¹⁹ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 2000:89